

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 85 frá 22. nóv. 1907, 16. gr., sbr. lög nr. 29 frá 13. sept. 1901, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

99

18. marz

Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

100

18. maí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts árið 1943:

Utan Reykjavíkur.

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 25. maí þ. á. og skulu þær liggja frammi til 1. júní þ. á. á lögákveðnum stað.

Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 1. júní þ. á.

Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldir fyrir 5. júní þ. á.

Kærufrestur til yfirskattanefnda skal vera til 15. júní þ. á.

Úrskurðir yfirskattanefnda skulu felldir fyrir 25. júní þ. á.

Yfirskattanefndir skulu hafa lokið störfum fyrir 25. júní þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 18. maí 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

101

19. maí

um orlof.

1. gr.

Orlofsfé skal greitt með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í áframhaldandi fastri stöðu, sbr. 4., 5. og 6. mgr. 4. gr. laga um orlof.

2. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsmerki og orlofsbækur. Bækurnar séu í hæfilegu vasabókarformi, tölusettar í framhaldsröð fyrir hvert orlofsár.